



22. fundur stjórnarnefndar Þjóðskjalasafns Íslands haldinn miðvikudaginn 11. september 2024 kl. 12 í húsakynnum safnsins að Laugavegi 162 í Reykjavík.

Fundinn sátu Anna Agnarsdóttir formaður, Erla Hulda Halldórsdóttir, Gunnar Örn Hannesson, Óskar J. Sandholt og Jóna Símonía Bjarnadóttir. Ragna Kemp boðaði forföll og varamaður hennar Kristín Benediktsdóttir líka. Enn fremur sátu fundinn Hrefna Róbertsdóttir þjóðskjalavörður, Þuríður Árnadóttir framkvæmdastjóri rekstrar og Njörður Sigurðsson aðstoðarþjóðskjalavörður sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Yfirlit yfir starfsemi – frá þjóðskjalaverði
2. Skipuritsbreytingar
3. Fjármál
4. Rafrænið innviðir Þjóðskjalasafns
5. Lagabreytingar – lög um opinber skjalasöfn
6. Varðveislur- og skráningarrými í Sundaborg

Anna Agnarsdóttir formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Hún upplýsti um stöðu skipunar fulltrúa félagsvísindasviðs Háskóla Íslands. Ragna Kemp hefur verið skipuð aðalmaður og Kristín Benediktsdóttir varamaður. Síðan var gengið til dagskrár.

1. Yfirlit yfir starfsemi – frá þjóðskjalaverði.

Þjóðskjalavörður fór yfir starfsemi og helstu verkefni Þjóðskjalasafns á undanförunum mánuðum. Fór hún yfir helstu áhersluverkefni safnsins, ræddi fyrst um væntanlega skipun formanns stjórnarnefndar í lok árs, en um næstu áramót lýkur Anna Agnarsdóttir átta ára starfi sem formaður stjórnarnefndar. Einnig sagði hún frá vinnu við húsnæðisgreiningu fyrir safnið á vegum FSRE sem unnið er með ráðgjöfum frá VSÓ, áherslu á öryggismál innan safnsins og upplýsingaöryggi gagnvart afhendingarskyldum aðilum, heimsóknir þjóðskjalavarðar á héraðsskjalasöfn, þátttöku safnsins á Safnanótt í febrúar, vorráðstefnu Þjóðskjalasafns í maí þar sem yfirskriftin var upplýsingaöryggi, þátttöku Þjóðskjalasafns í málþingi um miðlun sögunnar í september og rannsóknadag safnsins sem haldinn verður í nóvember með áherslu á dóma- og sáttanefndagrunn og sóknarmanntalsgrunn. Nefnd ráðherra um framtíð skjalasafna mun skila tillögum á næstu vikum. Að lokum greindi þjóðskjalavörður frá nýjustu útgáfu safnsins sem unnin er í samvinnu við Sögufélag, en 4. bindi Yfirréttarins á Íslandi er komið út og bauð nefndarmönnum eintak til eignar.

Til máls tóku Hrefna Róbertsdóttir, Anna Agnarsdóttir, Erla Hulda Halldórsdóttir og Jóna Símonía Bjarnadóttir.

2. Skipuritsbreytingar.

Þjóðskjalavörður kynnti skipuritsbreytingar Þjóðskjalasafns sem fyrirhugað er að taki gildi frá og með 1. október næstkomandi. Með breytingunni er verið að bregðast við stækkandi stofnun



með því að styrkja skrifstofu rekstrar og efla stoðþjónustu, þá verður fageiningunni fræðslu og rannsóknum breytt í svið og starfsmenn í miðlun og rannsóknum færast þangað.

Til máls tóku Hrefna Róbertsdóttir, Anna Agnarsdóttir, Njörður Sigurðsson, Erla Hulda Halldórsdóttir og Óskar J. Sandholt.

3. Fjármál.

Þuríður Árnadóttir, framkvæmdastjóri rekstrar, gerði grein fyrir niðurstöðum ársreiknings Þjóðskjalasafns árið 2023. Rekstrarafgangur var upp á um 78 m.kr. Tekjur voru 1.028,7 m.kr., þar af fjárveitingar um 923,7 m.kr. og sértekjur, rekstrartilfærslur o.fl. um 105 m.kr. Gjöld voru um 950 m.kr. þar af laun um 498 m.kr., annar rekstrarkostnaður um 400 m.kr. og framlög og tilfærslur um 35 m.kr. Jafnframt var farið yfir stöðu fjárfestinga í lok árs 2023 og nákvæmari skiptingu rekstrargjalda. Rekstrarafgangur ársins 2023 skýrist af því að 80 m.kr. framlag til innviðaverkefnisins er fært á rekstur sem fjármagnstilfærsla en verða með fjárukalögum þessa árs færðar sem fjárfestingarframlag. Fjárfestingarliður er af þessum sökum með töluverðum halla sem mun breytast í lok árs þegar þetta hefur átt sér stað. Árið 2024 voru fjárveitingar til safnsins 802,2 m.kr. en rekstrartilfærslur, s.s. framlag til héraðsskjalasafna, er ekki inni í þeirri tölu. Staða í lok júlí 2024 var að gjöld voru 82 m.kr. umfram tekjur en kostnaður vegna húsnæðis að Sundaborg 13 er ekki inni í fjárheimildum og framlag til héraðsskjalasafna hefur ekki verið fært til tekna en kostnaður að hluta til. Að lokum fór framkvæmdastjóri rekstrar yfir fjárlagafrumvarp 2025 er varðar Þjóðskjalasafn en það var kynnt af fjármála- og efnahagsráðherra í gær. Gert er ráð fyrir að heildargjöld safnsins árið 2025 verði 1.115,1 m.kr. sem skiptist í 998,7 m.kr. í rekstrarframlag og 116,4 m.kr. í fjárfestingaframlag. Framlag úr ríkissjóði verði 1.021,6 m.kr. og áætlaðar rekstrartekjur 93,5 m.kr.

Til máls tók Þuríður Árnadóttir og Anna Agnarsdóttir.

4. Rafræni innviðir Þjóðskjalasafns.

Njörður Sigurðsson, aðstoðarþjóðskjalavörður, fór yfir þann árangur sem hefur náðst í að efla rafræna innviði Þjóðskjalasafns á undanförunum mánuðum. Nýr aðalvefur safnsins var opnaður í maí síðastliðnum undir vefsvæði Ísland.is og eldri vef lokað á sama tíma. Innleiðing á nýju skjalaskráningarkerfi, scopeArchiv, er á áætlun og lauk fasa 1 í ágúst og fasa 2 sem felur í sér að kerfið er gefið út í raunumhverfi, þjálfun starfsfólks og innleiðing á leitar- og birtingarham hófst í kjölfarið og er stefnt að því að strax á nýju ári verði nýtt kerfi tekið í notkun. Þá hefur verið sett upp vinnugátt fyrir innra starf safnsins í SharePoint og er stefnt að því að opna það fyrir starfsfólk á næstu vikum. Unnið er að gerð á nýjum jarðavef þar sem jarðagögn verða tengd við Sögulegt bæjar- og manntal sem nýtir jarðfræðilegt staðsetningargögn í gengum kortasjá og er stefnt að sá vefur opni um næstu áramót. Þá var greint frá vinnu sem hefur farið fram innan Þjóðskjalasafns við að koma upp aðstöðu til að afrit hliðræn gögn yfir á stafrænt form, þ.e. ljósmyndir, hljóðefni og kvikmyndir sem eru í safnkostinum.



Til máls tóku Njörður Sigurðsson, Erla Hulda Halldórsdóttir, Óskar J. Sandholt, Anna Agnarsdóttir, Hrefna Róbertsdóttir og Jóna Símonía Bjarnadóttir.

5. Lagabreytingar – lög um opinber skjalasöfn.

Njörður Sigurðsson, aðstoðarþjóðskjalavörður, gerði grein fyrir breytingum á lögum um opinber skjalasöfn sem samþykktar voru á Alþingi í júní. Tvö lagafrumvörp voru samþykkt 22. júní sl. sem hafa áhrif á lög um opinber skjalasöfn, þ.e. lög nr. 88/2024 um Mannréttindastofnun Íslands og lög nr. 108/2024 um breytingu á lögum um opinber skjalasöfn (gjaldskrá, rafræn skil). Með lögum um Mannréttindastofnun Íslands var ákvæði sett inn í lög um opinber skjalasöfn um að stofnunin yrði undanþegin afhendingarskyldu til Þjóðskjalasafns eins og Alþingi og stofnanir þess hafa verið. Umfangsmeiri breytingar voru með breytingu á lögum um opinber skjalasöfn. Þær helstu voru að skerpt var á orðalagi laganna um hvernig haga skuli stjórnsýslu þegar ákveðið er að hætta starfsemi héraðsskjalasafns, hvort sem það er rekið af sveitarfélagi eða byggðasamlagi, svo að standa megi vel að undirbúningi flutnings safnkosts og tilfærslu verkefna héraðsskjalasafns. Þá voru heimildir Þjóðskjalasafns Íslands til gjaldtöku af sveitarfélögum sem ekki reka héraðsskjalasafn og eru afhendingarskyld til Þjóðskjalasafns gerðar skýrari. Bráðabirgðaákvæði var sett um að þjóðskjalavörður geti boðið starfsfólki héraðsskjalasafna sem hafa hætt starfsemi störf í Þjóðskjalasafni án undanfarandi auglýsingar. Nýtt ákvæði var jafnframt sett í lögum um að opinber skjalasöfn geti tekið gjald fyrir aukna rannsóknarvinnu við aðgang að gögnum. Þá voru gjaldtökuheimildir opinberra skjalasafna eru gerðar skýrari. Að lokum var sett sú meginregla að skjöl afhendingarskyldra aðila verði afhent til opinbers skjalasafns á rafrænu formi til langtímavarðveislu. Um er að ræða mjög mikilvæga breytingu sem styður við stafræna vegferð hins opinbera, bæði hjá ríki og sveitarfélögum, og mun tryggja betur varðveislu upplýsinga hins opinbera, sem er nánast að öllu leyti á rafrænu formi. Þjóðskjalasafn og menningar- og viðskiptaráðuneytið hafa hafið vinnu við nýja gjaldskrá Þjóðskjalasafns sem byggir á þessum lagabreytingum.

Til máls tóku Njörður Sigurðsson, Anna Agnarsdóttir og Hrefna Róbertsdóttir.

6. Varðveislu- og skráningarrými í Sundaborg.

Að lokum var nefndarfólki boðið að skoða varðveislu- og skráningarrými Þjóðskjalasafns í Sundaborg í Reykjavík og kynnti Gunnar Örn Hannesson, fagstjóri skráninga, starfseminna sem þar fer fram og framtíðaráform um varðveisluhúsnæði.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:00.